

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftár- og Mýrdalshreppur
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 01. júlí 2016
UST201605-177/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi Höfðabrekku, Mýrdalshreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftár- og Mýrdalshrepps er barst 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Höfðabrekku.

Skipulagssvæðið

Skipulagstillögusvæðið er 6 ha spilda í landi Höfðabrekku. Að Höfðabrekku er rekin ferðaþjónusta og er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Á svæði Höfðabrekku er nú þegar fjöldi bygginga er tengjast ferðaþjónustu. Að mati Umhverfisstofnunar ættu nýjar byggingar að vera felldar að eldri byggingum á svæðinu.

Í greinargerð koma fram upplýsingar um veitur og sorp. Á svæðinu eru ekki að finna náttúruminjar á náttúruminjaskrá eða vistgerðir er njóta sérstakrar verndar.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti þó að koma fram lýsing á náttúru og aðstæðum á svæðinu í deiliskipagstillöggunni.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Sverrir A. Jónasson
Sérfræðingur